



Jökularannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 4

Ágúst 1984

FERÐIR SUMARIÐ 1984


1. Pórólfsfell - Hagafell laugardaginn 25. ágúst til sunnudags 26. ágúst. Lagt verður af stað kl 08.
2. Jökulheimar föstudaginn 14. september til sunnudags 16. september. Lagt verður af stað kl. 20 frá Guðmundi Jónasyni, Borgartúni.

Þátttaka tilkynnist til Péturs Þorleifssonar í síma 666517 eða Einars Gunnlaugssonar í síma 31531 og veita þeir nánari upplýsingar.

Þórólffell - Hagafell

Fyrirhuguð er ferð á eigin bílum að Þórólfsfelli og Hagafelli. Lagt verður af stað frá NESTI á Ártúnshöfða kl 08 laugardaginn 25. ágúst. Ekið verður að Þórólfsfelli og gengið þaðan vestan Sandvatns og meðfram Vestari-Hagafellsjökli á Hagafell. Þeir sem vilja geta farið í styttri göngur. Gist verður á Hlöðuvöllum í skála og tjöldum. Ef veður leyfir má ganga á Hlöðufell á sunnudeginum.

Þeir sem ekki eru akandi þurfa ekki að sitja heima því einhver sáti eru alltaf til staðar.



Vorleiðangur JÖRFI á Vatnajökul 1984

Dagana 16.-24. júní 1984 var farin vorleiðangur JÖRFI á Vatnajökul. Þátttakendur voru 22 og faratæki Jökull I, nýr snjóbíll Landsvirkjunar, lánsbíll frá Keflavíkurflugvelli og tveir vélsleðar Raunvísindastofnunar. Unnin voru venjuleg vorverk í Grímsvötnum, mæld vatnshæð, vetrarákoma, tjargaður skálinn og lagfærður, unnið að viðhaldi á rafstöð, mæli og senditækjum og auk þess reknir tveir jarðskjálftamælar. Vatnshæð mældist 1385 m.y.s. og er því ljóst að íshellan hefur aðeins sigið um 25 - 30 m í Grímsvatnahlaupinu í desember 1983. Opín vök var í gígnum frá gosinu í maí 1983 og allt að 70 °C heitt vatn streymdi inn í vökinu. Brennisteinslykt lagði af eldstöðvunum. Þessu mun nánar lýst í Jökli sem er vantanlegur síðar í ágúst.

Vetrarákoma á Grímsvatnahellunni mældist 3.27 m þykk (um 1700 mm vatns).

Að loknum verkum í Grímsvötnum var ekið austur jökul í Goðheima. Mæld var vetrarákoma á þrem stöðum á leiðinni og þykkt jökulsins mæld samfellt með íssjá. Mesta þykkt var 800 - 900 m.

Veður var gott allan tímann og síðustu dagana í Grímsvötnum sá ekki ský á himni og mun dvölin þar seint gleymast þeim sem þátt tóku í þessum leiðangri.

Leiðrétting

Í síðasta fréttabréfi var sýnt einfaldað þversnið af Hofsjökli. Sagt var að sniðið væri frá vestri til austurs, en það er frá norðri til suðurs.

Jökull

Jökull kemur út nú í ágúst og er Grímsvötnum gerð þar góð skil. Þar verða meðal annars greinar um eldgosið 1983, um aðdraganda þess, um jarðhitann í Grímsvötnum og sitthvað um eldri gos þar. Frásögn verður líka af ferð til Grímsvatna sumarið 1942.

Þeir sem ekki hafa enn greitt félagsgjöldin eru hvattir til að gera það sem fyrst svo ritið berist til þeirra strax við útgáfu þess.